



Samtök um Kynheilbrigði

Ársskýrsla 2025-2026



Stjórn

Formaður

Sóley S. Bender, PhD, sérfræðingur í kynheilbrigði

Gjaldkeri

Arna Garðarsdóttir, MS, doktorsnemi

Ritari

Helga Sigfúsdóttir, MS, doktorsnemi

Meðstjórnendur:

Anna Eir Guðfínnudóttir, MS, framhaldsskólakennari

Katrín Kristín Friðjónsdóttir, MEd, grunnskólakennari



Formaður

Ritari

Gjaldkeri

Meðstjórnandi

Meðstjórnandi

Starfsemi stjórnar


Aðalfundur samtaka um kynheilbrigði (KynHeil) árið 2025 fór fram 29. apríl. Allir í stjórn gáfu kost á sér áfram til stjórnarsetu. Ákveðið var á fyrsta stjórnarfundum að Sóley S. Bender yrði áfram formaður, Arna Garðarsdóttir gjaldkeri, Helga Sigfúsdóttir ritari, Anna Eir Guðfínnudóttir og Katrín Kristín Friðjónsdóttir yrðu meðstjórnendur. Stjórnin hélt 10 fundum á starfsárinu. Auk þess hafa fulltrúar stjórnar verið á mörgum fundum með fulltrúum IPPF og á fundum vegna þingmannasamstarfs.

Helstu viðfangsefni stjórnar á stjórnarárinu 2025-2026 hafa falið í kynningarmálum, samfélagslegu verkefni, samstarfi, áframhaldandi undirbúningi umsóknar um aðild að Alþjóðasamtökum um kynheilbrigði (IPPF) og vinna nýja starfsáætlun fyrir næstu fimm ár. Auk þess var unnið að styrkumsóknum. Segja má að hafi verið starfandi þrjár nefndir á vegum samtakanna, þ.e. nefnd varðandi handbókina Ertu klár í kynlífið, um aðild að IPPF og um þingmannasamstarf. Þær sem unnu að handbókinni voru Lóa Guðrún Gísladóttir, Katrín Hilmarsdóttir og Sóley S. Bender. Þær sem hafa aðallega séð um samskipti við IPPF voru Arna Garðarsdóttir og Sóley S. Bender. Samstarf samtakanna við þingmenn hefur einkum verið í höndum Örnú Garðarsdóttur, Helgu Sigfúsdóttur og Sóleyjar S. Bender .

KYNNINGARMÁL

Markaðssetning handbókar fyrir unga karlmenn: Ertu klár í kynlífið?

- a) Styrkur fékkst m.a. frá Lýðheilsusjóði til að útbúa myndbönd um efni handbókarinnar *Ertu klár í kynlífið*. Höfundar handbókarinnar þ.e. Sóley S. Bender, Katrín Hilmarsdóttir og Lóa Guðrún Gísladóttir unnu með Ara Kaprasíus Kristjánssyni, kvikmyndatökumanni og Tómasi Gísla Jóhannssyni, handritshöfundu. Sex unglingspiltar tóku þátt í verkefninu. Þetta var nokkurra mánaða verkefni og haldnir margir fundir með Ara og Tómasi en einnig með unglingspiltunum sem tóku þátt. Myndböndin verða forskoðuð af höfundum og stjórn samtakanna 20. apríl. Ætlunin er að setja myndböndin á heimasíðu samtakanna en einnig nýtt til að setja á samfélagsmiðla sem ungt fólk er vant að nota.
- b) Styrkur fékkst úr Lýðheilsusjóði til að þýða handbókina *Ertu klár í kynlífið*. Var handbókin þýdd á ensku og grafískur hönnuður hennar, Zuzanna Gellera setti textann inn í myndræna útfærslu handbókarinnar. Þýðingarvinnu og frágangur



á efni lauk í lok janúar. Handbókin er aðgengileg á heimasíðu samtakanna. Í byrjun mars voru upplýsingar um handbókina sendar til félagsmanna og forvarnarfulltrúa eða skólahjúkrunarfræðinga í framhaldsskólum.



Mikilvægt er að ungir karlmenn viti um tilvist hennar bæði á íslensku og ensku. Handbókin var einnig kynnt þann 5. mars á frumsýningu á myndinni *Impure* sem var unnin á vegum CLFá Íslandi. Þann 18. mars var handbókin kynnt fyrir samtökum um kynheilbrigði á Norðurlöndum, þ.e. Sex og Samfund í Danmörku, Sex og Politikk í Noregi, RFSu í Svíþjóð og Väestöliitto í Finnlandi.

SAMFÉLAGSLEG VERKEFNI

Alþjóðadagur kynheilbrigðis 4. sept. 2025

Þetta er í annað sinn sem samtökin hafa haldið upp á alþjóðlegan kynheilbrigðisdag. Alþjóðasamtök um kynheilbrigði s(WAS, World Association for Sexual Health) hafa staðið að þessum degi frá árinu 2010. Þemað árið 2025 var þemað: kynferðislegt réttlæti: Hvað getum við gert? (Sexual justice: What can we do?). Til að vekja athygli á þessum degi var ákveðið að setja auglýsingu á samfélagsmiðla um þema dagsins. Allir voru hvattir til að eiga samtal um rétt til kynheilbrigðis. Sá Arna Garðarsdóttir um að útbúa auglýsinguna.

Alþjóðlegi kynheilbrigðisdagurinn

Hver er réttur þinn til
kynheilbrigðis?



KYN HEILBRIGÐI

Samtök um kynheilbrigði
www.kynheildbrigdi.is



SAMSTARF

Aðildarfélög

Aðildarfélög að Samtökum um kynheilbrigði eru Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga, Ljósmeðrafélag Íslands og Samtökin 78.



Kvennáttindafélag Íslands



Í lok mars sóttu samtökin um aðild að Kvennáttindafélagi Íslands (KÍ). Í umsókn samtakanna kom fram að margt væri sameiginlegt með starfsem þessara tveggja félaga svo sem varðandi mannréttindi og hvers konar mismunun og því væri gagnkvæm samvinna og stuðningur mikilvægur. Á aðalfundi KÍ í lok mars voru samtökin samþykkt sem aðildarfélag.

Dönsk sendinefnd í heimsókn

Þann 16. febrúar komu í heimsókn tveir fulltrúar frá dönsku samtökunum um kynheilbrigði (Sex og samfund) þ.e. Zoe Anna Skovby Burke, alþjóða stefnumótunarráðgjafi (Global Policy Advisor) og María Lindhardt, stjórnmalastjóri (Political Director) ásamt tveimur dönskum þingmönnum, þ.e. Birgitte Vind fyrir Jafnaðarmannaflokkinn (The Social Democratic Party) og Rosa Lund fyrir Rauð-græna bandalagið (Red-Green Alliance) og Niklas Borker Bjerre, fyrir hönd skrifstofu þingsins varðandi danska tenglanetið um kynheilbrigði (parliament secretariat to the Danish SRHR network). Þrír fulltrúar (Arna, Helga og Sóley) stjórnar samtaka um kynheilbrigði funduðu með þeim. Þeirra tengiliður við íslenska þingmenn er Dagbjört Hákonardóttir, þingkona Samfylkingarinnar. Gagnkvæm umræða var um hlutverk sendinefndarinnar og samtakanna.



Mynd tekin í febrúar af dönsku sendinefndinni og fulltrúum KynHeil.

Þingmannasamstarf

Stjórnin fór á boðaðan fund með þingmönnum Gísla Rafni Ólafssyni (flokkur Pírata) og Hafðísi Hrönn Hafsteinsdóttur (flokki Framsóknar) 28. ágúst 2024 en í nóvember það ár féllu margir sem sátu í þverpólitíska hópnum út af þingi. Formaður hafði samband við Dagbjörtu Hákonardóttur í janúar 2025 til að kanna hvort þverpólitískur þingmannahópur hefði verið endurnýjaður. Helga hafði síðan samband við Sigmund Erni Rúnarsson, þingmann og funduðu þrjár fulltrúar stjórnar, þ.e. Arna, Helga og Sóley með honum 4. febrúar 2026. Hann er mjög áhugasamur um málaflokkinn.

Þann 17. febrúar var haldinn fundur á vegum íslenskra þingmanna og fimm manna danskrar sendinefndar og sá Dagbjört Hákonardóttir, þingmaður um að skipuleggja fundinn. Var fulltrúum stjórnar KynHeil, þeim Örne, Helgu og Sóleyju, boðið að sitja þann fund. Þar greindi danska sendinefndin frá sínu samstarfi á milli þingmanna og Sex og Samfund sem er danska félagið um kynheilbrigði. Hefur það samstarf verið í 12 ár. Í danska þinginu er föst nefnd sem er með kynheilbrigði sem málaflokk. Um tíu íslenskir þingmenn úr a.m.k. fjórum stjórnarmálaflokkum (Samfylking, Flokkur fólksins, Viðreisn og Sjálfstæðisflokkur) mættu á fundinn og voru almennt áhugasamir um málefnið. Í framhaldinu þurfa Samtök um kynheilbrigði og þessi þverpólitíski hópur þingmanna að finna leiðir til áframhaldandi samstarfs.



Mynd tekin 17. febrúar af íslenskum þingmönnum, dönsku sendinefndinni og fulltrúum stjórnar KynHeil.

CLF á Íslandi

CLF (Candle Light Foundation) á Íslandi styður ungar stúlkur í Uganda m.a. á sviði kynheilbrigðis. Á vegum CLF á Íslandi var myndin *Impure* frumsýnd hér á landi í Bíó Paradís 5. mars. Myndin fjallar um tíðablæðingar meðal ungra stúlkna í Afríku. Eftir sýningu myndarinnar tóku fjórir einstaklingar þátt í pallborðsumræðum. Það voru Eunice Ruwa, aðalleikona myndarinnar, Rico Herre, leikstjóri, Rosette Nkurunziza, forstjóri, CLF í Uganda og Sóley S. Bender, formaður Samtaka um kynheilbrigði.



Á myndinni eru helstu aðstandendur CLF á Íslandi ásamt þeim sem þátt tóku í pallbotðsumræðum.

Ljósmyndari:

Þórdís Erla.

UMSÓKN UM AÐILD AÐ IPPF



Á síðasta starfsári var unnið áfram að umsókn um aðild að IPPF. Þurfa samtökin að uppfylla 20 skilyrði til að verða fullgildur meðlimur í IPPF er nægjanlegt er að uppfylla 80% til að fá auka aðild (Associate Membership). Líklegt má telja að samtökin fái auka aðild á þessu ári. Á árinu hafa verið unnin ýmis skjöl til að uppfylla þessi skilyrði. Má þar nefna Stefnur og verklag og Öryggisstefnu (Safeguarding Policy). Til að koma til móts við ýmsar kröfur IPPF var tekin saman skýrsla um ýmsa þætti varðandi stjórnáætlun samtakanna sem nefnist „Stefnur og verklag“. Haldnir hafa verið fjórir fundir með fulltrúum IPPF þ.e. einkum með Mereb Habte, ráðgjafi um stjórnarhætti, vottun og öryggisvernd (Governance, Accreditation and Safeguarding Adviser). Fulltrúar stjórnar á tveimur fundum með IPPF voru Sóley S. Bender og Arna Garðarsdóttir. Þann 10. febrúar fundaði Mereb með stjórn samtakanna á fjarfundi og fjallaði þar einkum um öryggismál. Í ljós kom á þeim fundi að fulltrúi IPPF hefði þegar fengið næg gögn til að leggja umsókn samtakanna fyrir aðalfund félaga (Members Assembly) þann 28. febrúar.

NÝ STARFSÁÆTLUN FYRIR 2026-2030

Fyrri starfsáætlun samtakanna rennur út 2026 og því var nauðsynlegt að fara í endurskoðun á þeirri starfsáætlun. Skoðað var hvort hin Norðurlöndin væru með starfsáætlun á netinu og voru starfsáætlanir frá Danmörku, Noregi og Svíþjóð skoðaðar. Í desember var fundað með Tiina Ristikari, framkvæmdastjóra finnsku



samtakanna í Helsinki m.a. um starfsáætlun og eru Finnar að vinna í henni. Ákveðið var að byggja starfsáætlunina á hugmyndafræði um jákvæða kynverund og jafnframt væri réttur til kynheilbrigðis grundvallarpáttur. Ákveðið að hafa fjögur meginmálefni, þ.e. Kynfræðsla, Velkomin barneign, Heilbrigð sambönd og Hagsmunagæsla. Helstu viðfangsefni/vandamál hvers meginmálefnis voru sett fram og hvaða gæðaviðmið þyrfti að hafa í huga. Síðan var greint frá aðgerðaáætlun út frá samfélaginu, hópum og einstaklingum. Gerð var SVÓT greining og tekið mið af SMART viðmiðum varðandi framsetningu

markmiða. Nýja starfsáætlunin nær til næstu fimm ára.

STYRKUMSÓKNIR

Sótt var um ýmsa styrki á árinu til að vinna að verkefnum samtakanna. Meðal annars var sótt um styrki til banka, nokkurra ráðuneyta og einkafyrirtækis. Enginn fjárhagslegur styrkur var veittur til samtakanna á síðasta ári.

ERINDI

Samtökunum berast ýmis erindi bæði frá erlendum og íslenskum aðilum. Má þar nefna beiðni um samstarf frá dönsku samtökunum um kynheilbrigði sem lýtur að þingmannastarfi. Einnig samstarf við CLF á Íslandi varðandi myndina *Impure*. Auk þess verið leitað til samtakanna varðandi fyrirspurnir um kynheilbrigðismál. Einnig hafa fleiri verið að sækja um aðild að samtökunum.

Reykjavík, 29. apríl 2026

Sóley S. Bender, formaður